

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnabyggðar nr. 1181/2022.

1. gr.

Við samþykktina bætist viðauki nr. 1 um heimastjórn og fjallskilanevnd Skagabyggðar sem starfa skulu þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum í kjölfar almennra sveitarstjórnarkosninga 2026.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Húnabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Viðaukinn gildir fram að næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningum.

Viðauki 1

um heimastjórn og fjallskilanevnd Skagabyggðar.

1. gr.

Skipun heimastjórnar Skagabyggðar.

Sveitarstjórn skipar heimastjórn Skagabyggðar sem fer með afmörkuð málefni og málaflokka í hluta sveitarfélagsins skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga. Í heimastjórn Skagabyggðar sitja þeir fimm sveitarstjórnarmenn sem kjörnir voru af íbúum sveitarfélagsins til að sitja í sveitarstjórn í sveitarstjórnarkosningum 2022 og taka varamenn sæti í heimastjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir í sömu kosningum.

Valdmörk heimastjórnar Skagabyggðar miðast við sveitarfélagamörk Skagabyggðar, eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá apríl 2024.

2. gr.

Hlutverk og verkefni heimastjórnar Skagabyggðar.

Hlutverk heimastjórnar Skagabyggðar er að annast þau störf sem sveitarstjórn felur henni og snúa að viðkomandi byggðarhluta. Hlutverk heimastjórnar Skagabyggðar er einnig eftirfarandi:

- Umsjón með verkefnum á gildandi framkvæmdaáætlun á starfssvæðinu sem eru uppbygging í Kálfshamarsvík og uppsetning varmadæla á lögbýli í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun.
- Vera ráðgefandi varðandi umsóknir barna á starfssvæðinu á leik- og grunnskólaaldri um skólavist og viðeigandi akstursþjónustu.
- Vera ráðgefandi varðandi umsóknir barna á grunnskólaaldri á starfssvæðinu um tómtundastarf og viðeigandi akstursþjónustu.
- Vera ráðgefandi varðandi umsóknir aldraðra íbúa á starfssvæðinu um tómtunda- og akstursþjónustu.
- Hafa eftirlit með framkvæmd samninga sem gerðir voru af Skagabyggð og gilda eiga áfram tímabundið eftir sameiningu sveitarfélaganna.
- Veita umsagnir um öll þau málefni sem snerta hagsmuni íbúa innan sveitarfélagamarka Skagabyggðar eins og þau voru fyrir sameiningu.

3. gr.

Fjallskilanevnd Skagabyggðar.

Fjallskilanevnd Skagabyggðar sem skipuð var í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2022 skal starfa áfram í óbreyttri mynd til næstu sveitarstjórnarkosninga 2026. Skal nefndin sinna verkefnum er varða fjallskiladeildir innan sveitarfélagamarka Skagabyggðar, eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá apríl 2024.